



Skólasóknarkerfi í 1. - 10. bekk fyrir Ingunnarskóla – leyfi og veikindi

Í tengslum við skólasókn nemenda og sem viðbót við skólasóknarkerfi Ingunnarskóla þarf stundum að skoða tilkynnt forföll nánar. Þessi viðbót skólasóknarkerfisins vegna leyfis og /eða veikinda er leið til þess að grípa betur inn í hugsanlegan skólasóknarvanda.

Þegar nemandi er tilkynntur veikur eða í leyfi þarf ávallt að skoða forfallasögu hans í skólanum. Ef ferillinn er virkjaður er hann í gildi út skólaárið, bæði með tilliti til leyfis og veikinda. Skóli getur óskað eftir vottorði sé nemandi veikur meira en einn dag.

Greining er gerð á forföllum allra nemenda á tveggja vikna fresti. Miðað er við forföll önnur en langtímaveikindi, s.s. vegna slysa, samfelldra leyfa eða veikinda sem staðfest eru með vottorði læknis.

Viðbrögð vegna nánari skoðunar á skólasókn nemenda eru í eftirfarandi þrepum.

ÞREP 1 (10 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Umsjónarkennari ræðir við nemanda og hefur samband við foreldra. Umsjónarkennari leitar skýringa og úrbóta á málinu.

ÞREP 2 (15 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Umsjónarkennari boðar til fundar foreldra og nemenda, náms og starfsráðgjafa og skólastjóra (eða fulltrúa hans). Skólastjóri tekur við stjórn málsins og leitar skýringa og úrbóta.

ÞREP 3 (20 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Nemendaverndarráð leitar til skólaþjónustu miðstöðvar Reykjavíkur. Fundur með skólastjórnanda, umsjónarkennara, foreldrum, nemanda og fulltrúa skólaþjónustu.

ÞREP 5 (30 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Nemendaverndarráð skólans tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið er unnið skv. verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda

Forráðafólk ber ábyrgð á að nemendur fylgi kennsluáætlunum á meðan þeir eru í leyfi.

STIG	0-5	6-10	11-15	16-20	21-25	26-30	31-35	36-40	41-45	46-50	> 50
Einkunn	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	0